LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Dr. Hrefna Karlsdóttir deildarsérfræðingur

25. janúar 2013

Efni: Reglugerð um hrognkelsaveiðar

Inngangur

LS fékk til umsagnar drög að reglugerð um hrognkelsaveiðar 14. janúar sl. Reglugerðin var sama dag send til Grásleppunefndar LS sem er skipuð grásleppuveiðimönnum af öllum veiðisvæðum.
Símafundur var haldinn með nefndinni og sérfræðingum ANR og Fiskistofu 17. janúar og Hafrannsóknastofnunarinnar 21. janúar.

Eins og fram hefur komið glíma fjölmargir grásleppuveiðimenn við mikla erfiðleika vegna óseldra hrogna frá síðustu vertíð. Í byrjun desember var tæpur þriðjungur veiðinnar 2012 enn í húsi grásleppuveiðimanna. Lítillega hefur gengið á þær birgðir, en söluverð hefur verið langt undir því sem var á vertíðinni eða aðeins um þriðjungur þess.

LS hefur komið að þessu málefni með beinum hætti. Félagið hefur m.a. reynt að koma á sölu með því að leggja áherslu á minni sókn á komandi vertíð. Samstaða var hjá grásleppukörlum að taka á sig 30% fækkun veiðidaga vegna markaðsaðstæðna. Þrátt fyrir fyrirsjáanlega minni veiði í ár en í fyrra, hefur það haft lítil áhrif á kaupendur.

Athugasemdir við einstaka greinar

3.gr.

a. LS hafnar því alfarið að veiðidögum verði fækkað um 30 eða 60% frá síðustu vertíð. Eina ástæðan sem LS telur réttlæta fækkun daga eru hinar erfiðu markaðsaðstæður sem uppi eru. Engu að síður verður að hafa í huga nauðsyn þess að tryggja mörkuðum nægt hráefni.
   LS hefur farið yfir ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar og er eindregið þeirrar skoðunar að þeir útreikningar og aðferðir sem stofnunin leggur til grundvallar séu órafjarri því að standast þær lágmarkskröfur sem gera verður til ráðgjafar sem talist gæti trúverðug. Það er skoðun LS að

fiskifræðingar eigi enn langt í land með að standa jafnfætis grásleppuveiði-mönnum hvað varðar yfirsýn og þekkingu á ástandi hrognkelsastofnsins. Úr þessu er brýnt að bæta, og því leggur LS til að öflugri samvinnu grásleppuveiðimanna og vísindamanna verði hrundið úr vör hið fyrsta.

Markmið grásleppuveiðimanna er að stofninn haldist sjálfbær, héðan í frá, sem hingað til. Engin teikn eru á lofti um að óbreytt sókn á milli ára myndi þar nokkru breyta.

Megin forsenda þessara veiða, sem annarra, er að markaður sé fyrir allar afurðir sem til falla. Sú gleðilega breyting hefur nú orðið á, að fundinn er markaður fyrir alla slægða grásleppu, en tvísýnt með markaðsmál hrognanna, eins og að framan greinir.
Það er samdóma álit LS, söluaðila og framleiðenda, að 7.000 tunna veiði á vertíðinni 2013 kæmi jafnvægi á markað grásleppuhrogna. 35 veiðidagar eru reiknaðir með þetta að markmiði. LS byggir þar á upplýsingum úr veiði-gögnum síðustu áratuga.

b. Breiðafjörður verði áfram eitt veiðisvæði. Skipting fjarðarins í Ba og Bb er tilkomin vegna farsæls samkomulags æðarbænda og grásleppukarla.

c. Ea og Eb. LS óskar eftir að svæðið verði skilgreint sem tvö veiðisvæði, og skipt um línu sem dregin yrði norður úr miðjum Öxarfirði. Veiðar austan línu hefjist hinn 20. mars og ljúki hinn 2. júní.

4.gr. og 5.gr

LS óskar eftir að skýrar verði kveðið á um stærðarmörk grásleppubáta. Efri mörk þeirra nái að 15 brt.

9.gr. Fækkun neta er mótmælt. Ástæður þess eru þær sömu og fram koma í a-lið hér að framan. Mikilvægt er að afrakstur komandi vertíðar fari ekki undir 7.000 tunnur. Með breytingu á fjölda neta yrði því að fjölga veiðidögum á móti. Óbreyttur netafjöldi vegur þar þyngra hjá LS og er því óskað eftir að hámarksfjöldi neta breytist ekki.
Minnt er á samþykkt aðalfundar LS 2012 þess eðlis að fjöldi neta haldist óbreyttur og miðist við 150 löng net fyrir tvo menn um borð í stað þriggja.

11.gr. LS hafði á undirbúningstíma þessarar reglugerðarsmíðar óskað eftir að netabelgir væru jafngildir bauju með flaggi sem auðkenni á enda hverrar netatrossu. Rök sérfræðings Fiskistofu gegn þessu á fundi 17. janúar s.l. duga ekki til að sannfæra grásleppuveiðimenn um nauðsyn þess að breyta þessu ákvæði. Bent skal á að við grásleppuveiðar í Breiðafirði hafa ávallt verið notaðir belgir án þess að vandræði hafi skapast.
Einnig skal tekið fram að kostnaður við skipti á fullum netaskammti færi langt í að vera ein milljón króna, sem er ekki á bætandi við það tekjutap sem þegar er orðið.

Áréttað skal að einungis er verið að fara fram á orðalagsbreytingu í reglugerðinni þ.e.a.s. í stað; „baujur skulu vera á báðum enda netatrossa“, komi, „baujur eða belgir að lágmarksstærð A1 (35-40 tommur) skulu vera á báðum endum netatrossa“.
Ástæður þess að á sumum veiðisvæðum hafa belgir verið notaðir í tugi ára, eru mikilir straumar sem færa baujur í kaf.
Varað er við að mæla með því til lausnar, að nota fyrirsátur með bauju (lítinn belg og bauju) þar sem það skapar mikla hættu fyrir bátaumferð sem er að jafnaði mikil (strandveiðibátar og fleiri) um sum grásleppuveiðisvæði. Ítrekað hefur það gerst að bátar fái slíkan útbúnað í skrúfuna með tilheyrandi hættum á að alvarleg slys geti átt sér stað.

Virðingarfyllst,

_____

Örn Pálsson framkvæmdastjóri